

Örverueyðandi tússtöflumálning – Hvít

Smart Antimicrobial Whiteboard Paint – White

Þessi tússtöflumálning er fyrsta sinnar tegundar. Hún breytir sléttum vegg í tússtöflu sem hefur yfirborð með örverueyðandi eiginleikum. Málningin inniheldur leysiefnalaus efni, m.a. silfurjónir sem hindrar efnaskipti þeirra og koma í veg fyrir að bakteríur og sveppir geti fjölgað sér.

Örverueyðandi tússtöflumálningin hentar á svæði þar sem hreinlæti er í fyrirrúmi og þörf er á að draga úr sýkingarhættu, t.d. í heilsugæslu, opinberum byggingum og fyrirtækjum. Málningin er einstaklega góð í þrifum og rakapólin.

Auk almennra bakteríuvarna, þá er örverueyðandi tússtöflumálningin sérstaklega vottuð með 99.99% virkni gegn MRSA, MSSA, Salmonella typhimurium, Staphylococcus aureus, Escherichia coli, Enterococcus faecalis og Saccharomyces cerevisiae. Bakteríudrepandi tæknin við framleiðslu á málningunni er skráð til notkunar í tilskipun ESB um sæfivörur og prófuð samkvæmt ISO-staðli 22196.

- 10 ára ábyrgð
- Býr til dauðhreinsaða tússtöflu
- Þreföld virkni: Trufar efnaskipti í bakteríum og sveppum, hindrar frumuskiptingu og raskar himnuflæði
- Sérstaklega vottuð með ISO 22196 staðli, drepur bakteríur eins og MRSA, MSSA, Salmonella, Ecoli, sveppi
- Slitsterk og þvottheldin – nægilega sterk til að þola hreinsiefni sem notuð eru á sjúkrahúsum
- Tilvalin á spítala, rannsóknastofur og dauðhreinsuð framleiðslusvæði
- Hágæðaending án skugga- og blettamyndunar
- Tilbúið til notkunar eftir 4 daga
- Leysiefnalaus, lyktarlítill, laus við isocyanates og lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni)
- Óháðar vottanir: LEED, M1, VOC og Fire brunavörn

Tæknilegar upplýsingar

Þekja / magn / þyngd – 6 m² / 369 ml / 490 g

Örverueyðandi tækni – Breiðvirk vörn gegn Gram-jákvæðum og Gram-neikvæðum bakteríum með notkun örverueyðandi silfurfosfata

Litur – Hvítur (RAL 9003)

Gljái – Háglans (98 GU við 60°)



VOC – undir 12 g/l

Heilsustuðlar – Vottanir frá Antimicrobial performance, Fire, LEED, M1, VOC og Indoor Air Comfort

Viðeigandi fletir – Veggir, skrifborð/fundarborð, gler, skilrúm eða aðrir sléttir fletir

Grunnur – Vatnsþynntur grunnur nauðsynlegur undir tússtöflumálninguna

Notkunartími blöndu – 1 klst

Þurrktími – Snertipurrt eftir 5 klst

Tilbúið til notkunar – eftir 4 daga

Innihald

6 x Hvít bakteríudrepani tússtöflumálning – Hluti A

1 x Hvít bakteríudrepani tússtöflumálning – Hluti B

1 x Örtrefjaklútur

1 x Rúlluskaftr

1 x Rúlla

1 x Slípikubbur

1 x Hræriprik

1 x Par hanskar

1 x Límmiði

1 x Leiðbeiningabæklingur

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og rykfrír. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Ef mála á tússtöflu beint á vegg er gott að slípa yfir vegginn með fínum sandpappír til að ná fletinum sem sléttustum
- Á gler og aðra spegilsléttu eða glansandi fleti þarf að matta flötinn með slípifilti til að tryggja góða viðlögun
- Grunnið með vatnþynntum grunni. Ef flöturinn er ómálaður er ráðlagt að fara tvær umferðir af grunni þannig að tússtöflumálningin nái jafnri upptöku
- Slípið létt yfir grunninn með fínum pappír til að halda fletinum sem sléttustum
- Blandið saman öllum A hluta dósunum í B hluta dósina og hrærið vel og lengi (5 mín) með prikinu sem fylgir. Um leið og efnunum er blandað saman þarf að mála innan við klukkutíma



- Mælt er með að mála tússtöflumálninguna í 1 fermetra einingum
 - Skerið í kringum fermetraeininguna að innan með pensli
 - Rúllið reitinn með rúllunni sem fylgir málningunni
 - Passið að hafa jafna dreifingu yfir allan flötinn og rúllið flötinn 10 sinnum til að tryggja þykka, slétta og jafna filmu
 - Þegar hver eining hefur verið máluð, rýnið í reitinn frá þremur mismunandi sjónarhornum til að vera viss um að það séu engir skallablettir eða ójöfn dreifing af efni. Rúllið meira ef þarf
 - Rúllið næsta fermetra
- Málningin verður snertipurr eftir 5 klst.
- Tússtaflan verður tilbúinn til notkunar eftir 4 daga
- Þrifið töfluna daglega í viku
- Útpurrkunareiginleikar töflunnar batna smám saman í 30 daga eftir málun

Leiðbeiningamyndband <https://www.youtube.com/watch?v=oQYb8A3TIfI>